

Fimmtudaginn 9. október 1997.

Nr. 366/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Gunnari Utley

(Sigurður Georgsson hrl.)

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 8. september 1997. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Ákærði krefst þess, að stýtt verði refsivist, sem honum var gerð með héraðsdómi.

Aðrir ákærðu í málinu una héraðsdómi.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti féll ákærvaldið frá kröfu, sem var gerð í áfrýjunarstefnu um þyngingu refsingar ákærða. Samkvæmt því verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans, en til frádráttar refsingu ákærða skal koma gæsluvarðhald í 28 daga, sem hann sætti í kjölfar uppkvaðningar héraðsdóms, til viðbótar því, sem þar greinir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að til frádráttar refsingu ákærða, Sigurbjörns Gunnars Utley, komi gæsluvarðhald í 129 daga.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. ágúst 1997.

Ár 1997, föstudaginn 8. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 507/1997: Ákærvaldið gegn X, Sigurbirni Gunnari Utley og Y, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. júní sl., á hendur ákærðu X [f. 1969], Sigurbirni Gunnari Utley, Hamrabergi 16, fæddum 25. júlí 1964, fæðingarnúmer 367, og Y [f. 1966], öllum í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir rán með því að hafa í sameiningu og eftir fyrir fram gerðri áætlun staðið að ráni á 2.320.740 kr. í reiðufé, 175.125 kr. í ávísunum auk rafrænna færslna, 4.138.811 kr., með því að ákærðu X og Sigurbjörn Gunnar, báðir með lambhúshettur á höfði til að hylja andlit sitt og vopnaðir heimagerðum bareflum úr leðri, fylltum sandi, réðust um kl. 9.00 að morgni mánudagsins 14. apríl 1997 að starfsmanni Vöruveltunnar hf., Finni Eðvarð Egilssyni, kt. 280271-5199, þar sem hann var að koma upp stiga hússins að Suðurlandsbraut 48, Reykjavík, á leið sinni á skrifstofu fyrirtækisins á 3. hæð með uppgjör verslunarinnar 10–11 í Glæsibæ fyrir dagana 11.–13. apríl 1997 í plastpoka, en ákærðu, sem biðu í ræstingakompu á 3. hæð hússins, komu á móti Finni, sem hörfaði niður stigann, en ákærði Sigurbjörn sló til Finns, svo að hann féll á stigapallinn, og við það náði ákærði X peningapokanum af honum og hljóp með hann út, en ákærði Sigurbjörn barði Finn nokkrum sinnum, þar sem hann lá, m. a. í höfuð og brjóst, með áðurnefndu barefli, áður en hann hljóp út. Ákærði Y ók meðákærðu X og Sigurbirni Gunnari í bifreið sinni, R ..., frá dvalarstað sínum að ..., Reykjavík, að Menntaskólanum við Sund, þar sem meðákærðu fóru úr bifreiðinni og gengu að ránsstað, en ákærði Y ók á bifreiðastæði við fjölbýlishúsið að Sólheimum 29–33 og beið þar í bifreið sinni eftir meðákærðu, þangað sem þeir hlupu eftir ránið, og óku ákærðu síðan allir á brott með ránsfenginn að ... 17.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Dynskógum 5, Reykjavík, gerir þær kröfur í málinu fyrir hönd eftirtalinna aðila, að ákærðu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim skaðabætur, sem hér greinir:

Vöruveltan hf. 1.204.240 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. apríl 1997 til greiðsludags.

Finnur Eðvarð Egilsson, kt. 280271-5199, Brekkubæ 37, Reykjavík, 550.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. apríl 1997 til greiðsludags“.

Málavextir.

Mánudagsmorguninn 14. apríl sl. kl. 9.09 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að rán hefði verið framið að Suðurlandsbraut 48. Héldu tveir lögreglumenn á vettvang og komu þangað tveimur mínútum síðar. Þar höfðu þeir tal af Finni Eðvarð Egilssyni, Hátúni 8 í Reykjavík, starfsmanni 10–11-verslananna, sem hafði verið að flytja peninga og uppgjör helgarinnar úr verslun fyrirtækisins í Glæsibæ við Álfheima í skrifstofur Vöruveltunnar að Suðurlandsbraut 48, en Vöruveltan er rekstraraðili verslananna. Kvaðst Finnur Eðvarð hafa sótt í verslunina uppgjör helgarinnar til að fara með það á skrifstofuna. Er hann var á leið upp stigana að skrifstofunum, sem eru á 3. hæð, mætti hann tveimur mönnum neðan við stigapall 2. hæðar. Réðust þeir á hann, slógu hann niður og spörkuðu í hann. Finnur Eðvarð var með fjármunina í tveimur plastpokum, og tóku mennirnir pokana af honum. Hann sagði mennina hafa verið granna með dökkar lambhús/skiðahettur fyrir andliti, báðir meðalmenn á hæð, annar í ljósri peysu, dökkum flauelsbuxum og strigaskóm, hinn í dökkbrúnni peysu, dökkum flauelsbuxum og strigaskóm. Á stigapalli 2. hæðar var tómur matvöruplastpoki, en Finnur Eðvarð kvaðst hafa verið með tvo sams konar poka, annan með kassanótum og hinn með peningum, tékkum og posafærslunótum.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumanns, sem kom á vettvang, var Finnur Eðvarð sýnilega miður sín og með lítills háttar sjáanlega áverka í andliti. Tvö vitni, Hallgrímur Magnússon og Sigurður Kjartansson, starfsmenn í húsinu, sáu ræningjana fara út úr húsinu og veittu þeim eftirför. Sigurður hringdi til lögreglu klukkan 9.11 og tilkynnti um grunsamlegar mannaferðir í Sólheimum og akstur bifreiðarinnar R . . . í átt að Langholtsvegi. Leit hófst að bifreiðinni, og fundu lögreglumenn hana klukkan 11.01 í porti bak við verslunina Gullsport í Brautarholti. Skráður eigandi bifreiðarinnar var ákærði Y, og var hann handtekinn í versluninni skömmu síðar og fluttur í fangageymslu. Þar var haft tal af honum og honum kynnt, að hann væri grunaður um aðild að ráninu. Ákærði kvaðst ekkert um það vita. Síðar um daginn hringdi ónafngreindur maður til lögreglunnar í Reykjavík og sagði, að þeir, sem staðið hefðu að ráninu, væru Sibbi, X og Y. Ákærði X var handtekinn á heimili sínu laust eftir næsta miðnætti og ákærði Sigur-

björn Gunnar á heimili sínu um kl. 16 næsta dag. Ákærðu voru allir yfir-
 heyrdir vegna málsins af rannsóknarlögreglu, sem annaðist rannsókn þess,
 og báru ákærðu allir af sér sakir í fyrstu.

Finnur Eðvarð leitaði á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur
 kl. 12.25 umræddan dag, og segir í vottorði Friðriks Sigurbjergssonar læknis
 um skoðun á Finni Eðvarð, að dálítill þroti hafi verið á vinstri hluta efri
 varar, en þó engin sár, hvorki á slímhúð né húð. Á brjóstvöðva ofan við
 brjóstvörtu vinstra megin sé greinilega minni háttar húðblæðing, en að öðru
 leyti ekki sjáanlegir áverkar, en Finnur Eðvarð sé aumur við þreifingu á
 þessu svæði. Loks sé örlítill rispa hægra megin á hvirfli.

— — —

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við meðferð máls-
 ins.

Ákærði X segir það hafa komið til tals á milli sín og ákærða Sigurbjörns
 Gunnars, meira í fyrstu í gamni en alvöru, að vegna lélegs fjárhags og mik-
 illa skulda þeirra ákærðu þyrftu þeir að gera eitthvað til að rétta við fjár-
 haginn. Þessar umræður fóru fram í mars og fram í apríl, og að því kom, að
 ákærði og ákærði Sigurbjörn Gunnar komust að því, hvernig staðið væri að
 peningaflutningum á milli verslunar 10–11 í Glæsibæ og skrifstofunnar við
 Suðurlandsbraut. Ákærði kannast ekki við, að þessar upplýsingar hafi
 ákærði Y veitt, og segir, að hann hafi verið leiddur hjá rannsóknarlögreglu
 til að segja, að svo hafi verið.

Fóru ákærði og ákærði Sigurbjörn Gunnar nú að hugsa frekar, hvernig
 komast mætti yfir þessa peninga. Í því skyni fóru þeir m. a. að Glæsibæ til
 að fylgjast með þeim, er flytti peningana á milli. Komust þeir að því, að sá
 væri á bifreið með skráningarkerkinu FINNUR. Ákærði fylgdi umræddum
 manni eftir einu sinni, þegar hann ók frá Glæsibæjarverslun 10–11 að Suður-
 landsbraut 48, og var þá viss, að það væri sá, sem flutti peningana. Eftir
 þetta fóru ákærðu tveir saman til að athuga þetta frekar og sátu þá saman í
 bifreið skammt frá eða við veitingastaðinn Subway. Þá fór ákærði Sigur-
 björn Gunnar einu sinni inn í húsið að Suðurlandsbraut 48 til að kanna að-
 stæður og sá, að á 3. hæð var ræstingakompa, þar sem hentugt gæti verið að
 sitja fyrir peningaflutningamanninum, þegar hann kæmi með peningana, og
 ræna hann þar. Þegar ákærði Sigurbjörn Gunnar fór inn í húsið, höfðu þeir
 ákærði verið í ökuferð með ákærða Y, sem þá var ekki farinn að vita, hvað
 hinir voru að hugsa um. Fór hann út úr bifreiðinni annarra erinda, á meðan
 ákærði Sigurbjörn Gunnar fór inn í húsið til að kanna aðstæður. Ákærði
 kveðst sjálfur hafa farið eftir þetta ásamt ákærða Sigurbirni Gunnari
 að húsinu, og sáu þeir bifreiðina FINN koma að húsinu Suðurlands-

braut 48. Þegar hér var komið sögu, vissi ákærði Y ekkert, hvað þeir hinir voru að hugsa um við væntanlegt rán.

Ákærði og ákærði Sigurbjörn Gunnar ætluðu að fremja ránið mánudaginn 7. apríl sl., en það fórst fyrir, þar sem ákærði Sigurbjörn Gunnar svaf yfir sig. Þá ætluðu þeir að fara í ránið á bifreið ákærða, sem var í lagi. Hún var hins vegar í ólagi næstu helgi. Ákærði og ákærði Sigurbjörn Gunnar fóru heim til ákærða Y sunnudagskvöldið 13. apríl sl. og báðu hann að lána sér bifreið sína næsta morgun smástund, en ekki sögðu þeir honum, í hvaða tilgangi þeir ætluðu að nota hana. Ákærði heldur því fram, að þegar hér var komið, hafi ákærði Y enn ekki vitað, að þeir hinir ætluðu að fremja rán morguninn eftir. Ákærði Y var tregur til að lána bifreiðina, en féllst þó á það, og skyldi ákærði hringja í hann næsta morgun, þegar þeir þyrftu á bifreiðinni að halda. Ákærði og ákærði Sigurbjörn Gunnar ákváðu, að ákærði Sigurbjörn Gunnar myndi hringja í ákærða næsta morgun og vekja hann. Þetta gekk eftir, og ók ákærði heim til ákærða Sigurbjörns Gunnars og sótti hann, og óku þeir saman heim til ákærða og frá honum í bifreið hans að Menntaskólanum við Sund, en þar fóru ákærði og ákærði Sigurbjörn Gunnar úr bifreiðinni og héldu gangandi áleiðis að Suðurlandsbraut 48. Ákærði kannast ekki við, að ákærði Y hafi átt að aka að Glæsibæ og tilkynna í GSM-síma hinum ákærðu, þegar peningaflutningamaðurinn legði af stað frá Glæsibæ. Segir ákærði, að það sé rangt, sem hann sagði fyrir dóminum 23. apríl sl. um þátt ákærða Y frá upphafi í skipulagningu ránsins. Var ákærði reidur út í hann, þegar hann hafði játað að hafa ekið ákærða þennan morgun. Af þeim sökum er umræddur framburður kominn. Ákærði segir, að ákveðið hafi verið, að ákærði Y skyldi aka að fyrir fram ákveðnum stað við Sólheima og bíða þar eftir hinum ákærðu. Fullyrðir ákærði, að ákærði Y hafi ekki vitað á þessari stundu, hvað hinir ákærðu væru að gera, en hann hafi mátt gruna, að um eitthvað refsivert væri að ræða.

Ákærði og ákærði Sigurbjörn Gunnar héldu nú að Suðurlandsbraut 48, og kannaðist ákærði ekki við, að ákærði Y hefði átt að hringja í þá og tilkynna þeim, þegar maðurinn legði af stað með peningana. Ákærðu héldu að húsinu, og hljóp ákærði Sigurbjörn Gunnar síðasta spölinn að húsinu og fór beint inn, en sjálfur fór ákærði gangandi hring í kringum húsið, þar sem gömul kona var í anddyri þess, en hana vildi ákærði ekki láta sjá sig. Þegar ákærði kom til baka, var konan farin, og hélt ákærði nú upp á þriðju hæð, en þar var ákærði Sigurbjörn Gunnar á ganginum. Þeir fóru síðan inn í ræstingakompuna og voru rétt komnir þangað, þegar ákærði Sigurbjörn Gunnar sá út um glugga, að maðurinn var að koma að húsinu. Ákærðu fylgdust með því, þegar maðurinn kom inn í húsið, settu hettur fyrir andlit-

ið og biðu í 10–20 sekúndur, en þá fóru þeir út úr kompunni og áleiðis niður stigann. Kom þá á móti þeim maðurinn, sem þeir ætluðu að ræna, og virtist hann „frjósá“, þegar hann sá þá ákærðu og sleppti pokunum, sem hann var með, en ákærði tók þá og sá, að í öðrum voru einhver skjöl, en það var, þegar umræddur poki datt í gólfíð. Lét ákærði þann poka og innihald hans eiga sig, en tók hinn pokann og hafði hann með sér út úr húsinu. En áður en hann hélt niður stigann, var ákærði Sigurbjörn Gunnar eitthvað farinn að dangla í manninn, en ekki sá ákærði, hvort hann var með eitt-hvert verkfæri við það. Jafnframt ýtti ákærði Sigurbjörn Gunnar manninum út í horn.

Eftir þetta hlupu ákærðu báðir niður stigann og út úr húsinu. Var ákærði á undan og mætti þá manni, sem kominn var að dyrunum. Ekki sá ákærði annan mann á leið að húsinu. Ákærði man ekki til að hafa verið nærri búinn að fella umræddan mann um koll. Ákærðu héldu norður yfir Suðurlandsbraut og að göngustíg, sem liggur að Sólheimum, en þar beið ákærði Y þeirra og ók þeim heim til sín vestur á Meistaravelli. Fóru ákærðu allir inn í íbúð ákærða Y og settust þar í sófa, en kona hans virtist vera að vakna. Stuttu síðar var hringt í síma ákærða Y og sagt frá því, að sést hefði til bifreiðar ákærða Y í tengslum við ránið. Var þá ákveðið, að ákærði Y æki konu sinni og barni í vinnu og dagvist. Þeir hinir skiptu um föt heima hjá ákærða Y, en þeir höfðu tekið með sér föt til skiptanna. Að því búnu óku þeir heim til ákærða Sigurbjörns Gunnars og helltu á rúm hans úr pokunum, sem voru inni í pokanum. Létu þeir tékka og kortanótur sér í poka og töldu peningana, sem reyndust vera rúmar 2,2 milljónir. Ákærði Sigurbjörn Gunnar kom síðan með plastpoka, sem þeir settu peningana í og eftir það í svartan bakpoka. Ákærði Sigurbjörn Gunnar klifraði síðan upp á háaloft og tók við bakpokanum og tösku, sem föt þeirra voru í, og setti þar.

Eftir þetta fóru ákærðu út saman, fyrst í miðbæ Reykjavíkur og síðan áleiðis í Hafnarfjörð. En á leið þangað kom í huga þeim, að ekki væri rétt, að þeir væru saman. Var því hætt við að aka í Hafnarfjörð, en ekið heim til ákærða Sigurbjörns Gunnars, sem fékk, áður en hann fór úr bifreiðinni, hjá ákærða símanúmer K, sem þeir ætluðu að fá til að geyma ránsfenginn, en ekki man ákærði, hvor þeirra átti uppástunguna að því. Ákærði kveðst hafa tekið 35.000 krónur af ránsfengnum heima hjá ákærða Sigurbirni Gunnari, þegar þeir voru að telja hann, og ákærði Sigurbjörn Gunnar fékk 15.000 krónur. Ákærði eyddi sínum peningum öllum í spilakassa, áður en hann var handtekinn. Hann veit ekki, hvað varð um það fé, sem sagt er, að vanti af ránsfengnum. Ákærði Y hafði ekkert fengið í sinn hlut. Ákærði vill ekki viðurkenna, að ránið hafi verið þaulskipulagt, en þó hafi verið ákveðið

fyrir fram, hvernig að því skyldi staðið. Ákærði segir, að hefði verið um þaulskipulagt ráð að ræða, sæti hann ekki hér í dómsalnum. Ákærði kveðst ekki hafa verið á glæpabraut síðustu árin, en hann hafi framið ránið út úr neyð vegna peningavandræða.

Ákærði Sigurbjörn Gunnar segir, að komið hafi til tals á milli sín og ákærða X að ræna peningum í flutningum á milli verslunar 10–11 í Glæsibæ og skrifstofunnar við Suðurlandsbraut. Var ákveðið, að þetta yrði gert á mánudegi, en þá væri um mesta peninga að ræða eftir helgina. Ákærði veit ekki, hvernig upplýsingar um flutningana voru fengnar, en þær hafi ákærði X fengið. Fóru ákærðu nú að hugsa frekar, hvernig komast mætti yfir þessa peninga. Í því skyni fóru þeir báðir m. a. að Glæsibæ til að fylgjast með þeim, er flytti peningana á milli. Komust þeir að því, að sá væri á bifreið með skráningarmarkinu FINNUR. Fylgdu þeir umræddum manni eftir, þegar hann kom að Suðurlandsbraut 48, og sátu þá saman í bifreið skammt frá eða við veitingastaðinn Subway. Þá fóru ákærði og ákærði X a. m. k. tvisvar að Suðurlandsbraut 48 til að kanna aðstæður, og fór ákærði einn inn í annað skiptið. Ákærðu sáu, að á þriðju hæð var ræstingakompa, þar sem hentugt gæti verið að sitja fyrir peningaflutningamanninum, þegar hann kæmi með peningana, og ræna hann þar. Enn síðar fóru þeir tveir og könnuðu, hvar væri hentugt að leggja bifreið til að komast á í burtu eftir ránið.

Þegar hér var komið sögu, var ákærða Y ekki enn ljóst, hvað félagar hans hygðust fyrir, en hann var þó einu sinni með þeim hinum í bifreið, þegar þeir voru að kanna aðstæður, en vissi ekki, að þeir væru að því. Upphaflega ætluðu ákærðu að fremja ránið mánudaginn 7. apríl sl., en það fórst fyrir, þar sem ákærði vaknaði ekki nægjanlega snemma. Ákváðu ákærðu þá að gera þetta næsta mánudag á eftir. Kvöldið fyrir þann dag fóru ákærðu heim til ákærða Y að biðja hann að lána bifreið sína við verkið, en ekki sögðu þeir honum, í hvaða tilgangi þeir ætluðu að nota bifreiðina. Féllst hann á að lána þeim bifreiðina og aka þeim næsta morgun. Skyldi ákærði X hringja í hann og vekja hann, en ákærði átti að hringja í ákærða X í sama skyni. Þetta gekk eftir, og ók ákærði X heim til ákærða og sótti hann, og óku þeir saman heim til ákærða Y. Þaðan fóru þeir í bifreið hans að Menntaskólanum við Sund, en þar fóru ákærði og ákærði X úr bifreiðinni og héldu gangandi áleiðis að Suðurlandsbraut 48. Ákærði segir það rangt, að ákærði Y hafi átt að aka að Glæsibæ og tilkynna í GSM-síma hinum ákærðu, þegar peningaflutningamaðurinn legði af stað frá Glæsibæ. Hins vegar var ákærða Y falið að biða þeirra hinna á ákveðnum stað í Sólheimum.

Ákærði og ákærði X héldu nú að Suðurlandsbraut 48. Hröðuðu þeir sér að húsinu, og fór ákærði beint inn, en ákærði X á eftir og hélt upp á 3. hæð

til ákærða, sem var á ganginum. Þeir fóru síðan inn í ræstingakompuna og voru rétt komnir þangað, þegar ákærði sá út um glugga, að maðurinn var að koma að húsinu. Ákærðu fylgdust með því, þegar maðurinn kom inn í húsið, settu hettur fyrir andlitið og biðu í 10–20 sekúndur, en þá fóru þeir út úr kompunni og áleiðis niður stigan. Kom þá á móti þeim maðurinn, sem þeir ætluðu að ræna, og ýtti ákærði við honum. Við þetta sleppti maðurinn plastpokum, sem hann var með, svo að þeir féllu niður á stigabrepið. Ákærði kannast ekki við að hafa slegið til mannsins með bareflum, sem hann var með og hafði sjálfur útbúið. Voru þau í bakpoka, sem ákærði X hélt á, og voru ekki tekin upp úr honum. Ákærði danglaði eitthvað frekar í manninn, en síðan fóru þeir út úr húsinu. Segir ákærði, að umslög hafi legið í stiganum úr öðrum pokanum, þegar ákærði hélt á brott, en ákærði X hélt á poka, sem maðurinn hafði misst í stiganum. Maðurinn hélt með höndunum fyrir höfuðið, þegar ákærði var að berja hann, en hann kveðst hafa slegið frekar kraftlausum höggum og þau einkum verið til þess að láta manninn ekki vera með nein læti. Ákærði mætti einhverjum manni í dyrunum, þegar hann var að fara út úr þeim.

Ákærðu héldu nú norður yfir Suðurlandsbraut, og á þeirri leið tóku þeir af sér lambhúshetturnar. Þeir fóru síðan um göngustíg, sem liggur að Sólheimum, en þar beið ákærði Y þeirra, eins og um var samið, og ók þeim heim til sín vestur á Meistaravelli. Fóru ákærðu allir inn í íbúð ákærða Y og settust þar í sófa, en kona hans virtist vera að vakna. Á leiðinni heim til ákærða Y setti ákærði X pokann með ránsfengnum í bakpoka, sem þeir höfðu meðferðis. En stuttu síðar var hringt í síma ákærða Y og sagt frá því, að sést hefði til bifreiðar hans í tengslum við ránið. Var þá ákveðið, að ákærði Y æki konu sinni og barni í vinnu og í dagvist. Þeir hinir skiptu um föt heima hjá ákærða Y, en þeir höfðu tekið með sér föt til skiptanna. Að því búnu óku þeir heim til ákærða og helltu á rúm hans úr pokunum. Létu þeir tékka og kortanótur sér í poka og töldu peningana, sem reyndust vera 2,3 milljónir króna. Ákærði kom síðan með plastpoka, sem þeir settu peningana í og eftir það í svartan bakpoka. Síðan klifraði ákærði upp á háaloft og tók við bakpokanum og tösku, sem föt þeirra voru í, og setti þar.

Eftir þetta fóru þeir út saman, fyrst í miðbæ Reykjavíkur og síðan áleiðis í Hafnarfjörð. En á leið þangað kom ákærða Y það í hug, að ekki væri rétt, að þeir væru saman. Var því hætt við að aka í Hafnarfjörð, en ekið heim til ákærða. Þar fékk hann hjá ákærða X, áður en þeir skildust, símanúmer K, sem þeir ætluðu að fá til að geyma ránsfenginn, og átti ákærði X tillöguna að því. Ákærði kveðst hafa fengið 15.000 krónur af ránsfengnum heima hjá sér, þegar þeir voru að telja hann, og ákærði X 35.000 krónur. Ekki veit

hann, hvað varð um það fé, sem sagt er, að vanti af ránsfengnum. Ákærði Y hafði ekkert fengið í sinn hlut og sá aldrei peningana. Laust eftir hádegi afhenti ákærði K bakpokann með peningunum og tösku með fötum þeirra ákærðu X og bað hann að geyma þetta. Ákærði var síðan handtekinn næsta dag.

Ákærði segir, að rangt sé eftir sér haft hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að ákærði Y hafi tekið þátt í undirbúningnum undir ránið með þeim hinum. Ákærði getur ekki svarað því, hvort ákærða Y hafi grunað, hvað þeir hinir voru að aðhafast, þegar þeir frömdu ránið. Ákærði tekur fram, að auk pokanna hafi peningaflutningamaðurinn verið með GSM-síma í höndunum, sem hann sleppti í stiganum ásamt pokunum. Kveður ákærði manninn hafa sleppt pokunum og símanum, áður en hann fór að dangla í hann, enda hafi hann „frosið“, þegar hann sá ákærðu. Ákærði segist hafa búið til bareflin tvö, sem voru í bakpokanum, er ákærði X hélt á við ránið, og var ætlunin að nota þau, ef á þyrfti að halda. Var gerð þeirra hagað með hliðsjón af því, að þau myndu ekki meiða neinn.

Ákærði Y neitar með öllu að hafa átt þátt í því í félagi við ákærðu X og Sigurbjörn Gunnar að skipuleggja umrætt rán, en viðurkennir hins vegar að hafa ekið þeim umræddan morgun í bifreið sinni, R Hefðu ákærðu komið í heimsókn til sín kvöldið áður og beðið sig að lána sér bifreið sína næsta morgun kl. 9 í eitthvert verkefni. Ákærði var ekki reiðubúinn að lána bifreiðina, en spurði, hve langan tíma þetta verkefni tæki. Hinir kváðu það myndu taka stuttan tíma. Féllst ákærði á það um kvöldið að gera þetta næsta morgun, og var um samið, að ákærði X hringdi til sín um morguninn. Það gerði hann einhvern tíma eftir klukkan 8 og kvaðst á leiðinni. Ákærði fylgdist síðan með ferðum X og fór niður, þegar bifreið hans kom að húsinu, og í sína bifreið. Ákærði Sigurbjörn Gunnar var með ákærða X, og ók ákærði þeim báðum á brott frá Meistaravöllum að Menntaskólanum við Sund, og var það að fyrirsögn hinna ákærðu, sem voru með bakpoka meðferðis, en ekki man ákærði, hvor þeirra var með pokann. Ákærðu fóru nú úr bifreiðinni og höfðu sagt ákærða á leiðinni, hvar hann skyldi bíða þeirra. Þar beiddi ákærði og kveðst einu sinni hafa hringt til þeirra í síma, sem þeir voru með meðferðis og var það til þess að reka á eftir þeim. Ákærði telur hina ákærðu hafa verið búna að vera í burtu nokkurn tíma, þegar hann hringdi í þá. Þegar þeir sneru aftur, settist ákærði X við hlið hans með úlpu, poka eða bakpoka, en ákærði Sigurbjörn Gunnar settist aftur í bifreiðina. Ákærði ók nú aftur á Meistaravellina, og fóru þeir allir inn í íbúðina, en þá vakti ákærði sambýliskonu sína og barn og ók þeim á brott eftir nokkra stund, henni í vinnu, en barninu í dagvist.

Ákærði kannast ekki við að hafa vitað neitt um það, sem ákærðu gerðu, á meðan þeir voru í burtu og hann beið þeirra í bifreiðinni umræddan mánudagsmorgun. Þaðan af síður kannast ákærði við, að þeir hafi allir þrír lagt á ráðin um ránið og staðið að því. Kveðst ákærði ekkert hafa vitað, að til stæði að ræna peningum, og ekkert fengið í sinn hlut af ránsfeng hinna ákærðu. Ákærði segir, að eftir símhringingu föður síns umræddan morgun, en þar kom eitthvað fram um bifreið ákærða í sambandi við rán eða innbrot, hafi sig farið að gruna, að ákærðu hefðu verið að gera eitthvað af sér, á meðan þeir voru í burtu frá bifreiðinni, og því hafi hann í upphafi sagt rannsóknarmönnum ósatt um aðild sína að ráninu. Ákærða grunaði ekkert misjafnt, þótt ákærðu bæðu hann að aka sér um morguninn, þar sem hann vissi, að bifreið ákærða X var biluð. Ákærði vissi, að ákærði X var með síma á sér, þegar hann hvarf úr bifreiðinni um morguninn. Ákærði segir, að hefði hann vitað um tilgang ferðarinnar, hefði hann aldrei farið á bifreið sinni né tekið þátt í ráni.

Vitnið Finnur Eðvarð Egilsson, Brekkubæ 37 í Reykjavík, kveðst starfa hjá 10–11-verslununum og hafa séð auk annars um að safna saman sölunni úr verslununum í Hafnarfirði, Kópavogi, Grafarvogi og Glæsibæ, en um er að ræða peninga, tékka og kredit- og debetkortanótur. Mánudagsmorguninn 14. apríl sl. fór vitnið fyrst í Glæsibæ að sækja peninga og gögn um sölu helgarinnar, og laust eftir klukkan 9 hélt vitnið í bifreið sinni með skráningarmerkinu FINNUR með þessa hluti í tveimur plastpokum merktum 10–11 frá Glæsibæ áleiðis að Suðurlandsbraut 48. Í því húsi eru skrifstofur Vöruveltunnar á 3. hæð, en Vöruveltan sér um uppgjör fyrir verslanirnar. Í öðrum pokanum voru peningar, tékkar og kortanótur, en í hinum vörunótur. Vitnið lagði bifreið sinni fyrir framan húsið og gekk inn á jarðhæð, hélt þaðan gangandi eftir bogadregnum stiga upp á 2. hæð og ætlaði þaðan upp á 3. hæð, en engin lyfta er í húsinu. Þegar vitnið var komið langleiðina upp á 3. hæð, sá það tvo menn með lambhúshettur fyrir andliti uppi á stigapallinum. Virtist annar mannanna vera að koma út úr ræstingakompu vinstra megin við stigann, en hinn var á stigapallinum. Vitnið horfði á mennina örstutta stund, en áttaði sig þá á því, að mennirnir myndu ætla að ræna það. Sneri vitnið þá við og ætlaði niður aftur, en mennirnir tveir hlupu á eftir því niður stigann og náðu því þar. Annar mannanna barði vitnið í brjóstið með hnefanum, svo að það féll niður á stigaprep á milli 2. og 3. hæðar. Minnir vitnið, að annar mannanna hafi tekið pokana af vitninu eftir höggið, þar sem vitnið lá á stigaprepinu. Vitnið var með síma í höndunum, og féll hann einnig á stigaprepið, og brotnaði þá af honum loftnetið. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir, hvort það var sami maðurinn, sem barði það, og sá, sem

tók pokana, og segist ekki geta fullyrt, hvort pokarnir voru teknir úr höndum sér eða það missti þá, þegar það féll niður, en allt gerðist þetta mjög snögg. Segir vitnið, að annar mannanna hafi lagst ofan á sig, eftir að það var búið að missa pokana, og barði maðurinn vitnið frekar þung högg. Veitti maðurinn höggin með höndunum. Þetta stóð yfir í stutta stund, en þá fór maðurinn niður stígann, en sá með pokana mun hafa verið farinn á undan. Vitnið getur þó ekki fullyrt þetta, þar sem það lá í gólfinu. Vitnið vissi ekki, hve mikla fjármuni það var með í plastpokunum. Vitnið kveðst vart hafa haft tíma til að verða hrætt, þar sem allt gerðist svo hratt. Vitnið kveðst hafa haldið höndum yfir höfði sér, þar sem það lá í stiganum, og sleppt pokunum. Vitnið var ekkert frá vinnu vegna atburðarins og missti því engar tekjur. Vitnið kveðst ekki hafa orðið fyrir útlögðum kostnaði vegna meiðsla sinna. Það kveðst ekki hafa orðið fyrir andlegu áfalli vegna atburðarins og varð fljótt jafngott af meiðslum sínum. Vitnið segir, að bótakrafa sín sé gerð af hálfu lögmanns fyrirtækisins og samkvæmt mati hans á því, hversu há hún skuli vera. Vitnið kveðst vilja falla frá kröfunni, þar sem ekkert ami að sér og það sé orðið jafngott.

Vitnið Hallgrímur Þorsteinn Magnússon, Álfatúni 23 í Kópavogi, kveðst vera með lækningastofu að Suðurlandsbraut 48 og hafa komið að húsinu laust eftir klukkan 9 að morgni mánudagsins 14. apríl sl. Þegar það var að koma að útidyrnum, heyrði það eitthvert brambolt fyrir innan dyrnar og heyrði innan úr húsinu einhvern nefna árás, þjófnað eða eitthvað í þá veru. Um leið og vitnið ætlaði að opna útidyrnar, voru þær rifnar upp, og út þutu tveir hettuklæddir menn, sem eiginlega hlupu á vitnið, sem stóð smástund stjarft og horfði á mennina hlaupa í norðurátt að Suðurlandsbraut. Á hlaupunum leit annar maðurinn til baka, eins og hann væri að kanna, hvort þeir væru eltir. Mennirnir hlupu síðan inn á milli fjölbýlishúsanna nr. 32–36 og 38–42 við Gnoðarvog. Á meðan á þessu stóð, kom að útidyrnum Sigurður Kjartansson, sem einnig starfar í húsinu. Héldu þeir saman inn í húsið, og í stiganum á 2. hæð komu þeir að manni, sem kvaðst hafa verið rændur. Hann virtist ekki meiddur og fór til að hringja á lögreglu, en vitnið og Sigurður héldu út í bifreið Sigurðar, sem ók henni á brott í því skyni að leita ræningjana. Óku þeir norður Faxafen, austur Suðurlandsbraut, norður Skeiðarvog og vestur Sólheima. Hjá verslunarmiðstöð norðan við Sólheima sá vitnið þrjá menn í og við brúna Mazda-bifreið, sem var að fara frá bifreiðastæðinu áleiðis vestur Sólheima, þegar þeir komu þarna að. Ekki sá vitnið mennina svo vel, að það geti fullyrt, að um hafi verið að ræða ræningjana tvo, en miðað við þann tíma, sem leið, frá því að þeir hlupu frá Suðurlandsbraut 48 og þar til það sá mennina í bifreiðinni, gæti verið um þá

að ræða, en um hafi verið að ræða í mesta lagi fimm mínútur. Ræningjarnir voru báðir í strigaskóm, en ekki man vitnið að greina frekar frá klæðnaði þeirra.

Vitnið Sigurður Ólafur Kjartansson, Frostaskjóli 63 í Reykjavík, kveðst starfa á teiknistofu að Suðurlandsbraut 48 og hafa komið að húsinu laust eftir klukkan 9 að morgni mánudagsins 14. apríl sl. Hallgrímur Magnússon gekk rétt á undan vitninu að útidyrum hússins, og þegar vitnið átti skammt ófarið að þeim og Hallgrímur var við þær, komu tveir menn hlaupandi út úr húsinu með miklum asa. Mennirnir voru með svartar lambhúshettur og hlupu í norðaustur í átt að Suðurlandsbraut. Þeir Hallgrímur héldu fyrst inn í húsið og komu þar að manni í stiganum, sem kvaðst hafa verið rændur. Virtist maðurinn vankaður og lá í stiganum. Hann virtist hins vegar ekki meiddur. Vitnið leit út um glugga í stigaganginum og sá þá mennina tvo hlaupa yfir Suðurlandsbraut og áfram til norðurs inn á milli fjölbýlishússanna nr. 32–36 og 38–42 við Gnoðarvog. Þeir Hallgrímur ákváðu að reyna að ná mönnunum og fóru því út í bifreið vitnisins, sem stóð á stæðinu fyrir framan húsið, og ók vitnið henni norður Faxafen, austur Suðurlandsbraut og norður Skeiðarvog. Var vitnið allan tímann að svipast um eftir mönnunum tveimur. Vitnið beygði vestur Sólheima, og þegar það kom að verslunarsamstæðu norðan götunnar, sá það bifreið inni á stæðinu. Maður sat undir stýri, annar hafði komið sér fyrir, og hinn þriðji var að stíga inn í bifreiðina, þegar vitnið kom á bílastæðið við verslanirnar og stansaði 20–30 m frá bifreiðinni. Vitninu fundust menn þessir grunsamlegir. Vitnið telur, að örfáar mínútur hafi liðið, frá því að þeir Hallgrímur sáu mennina fyrst og þar til þeir sáu þá í og við bifreiðina.

Vitnið K, ... í Reykjavík, skýrir svo frá, að mánudaginn 14. apríl sl. á milli klukkan 13 og 13.30 hafi ákærði Sigurbjörn Gunnar hringt til þess á vinnustað þess. Bað ákærði vitnið að gera sér og ákærða X greiða með því að koma heim til ákærða. Vitnið hélt þangað á bifreið foreldra sinna og gaf hljóðmerki fyrir utan húsið. Kom þá ákærði Sigurbjörn Gunnar út með tvær töskur eða tösku og bakpoka og setti hvort tveggja aftur í sæti bifreiðarinnar. Bað hann vitnið að geyma þessa hluti fyrir sig, en ekki sagði hann, hvað þeir hefðu að geyma, né spurði vitnið um það og hélt reyndar, að um föt væri að ræða. Kvaðst ákærði ætla að hringja til vitnisins, þegar hann vildi fá hlutina aftur. Þegar vitnið lauk vinnu umræddan dag, setti það hlutina í Land-Rover-jeppabifreið sína, A-4101, og var ætlun vitnisins að aka austur í sumarbústað foreldra sinna við Nesjavallaveg. Á þeirri leið, á Suðurlandsvegi við Rauðavatn, stöðvuðu lögreglumenn bifreiðina og fengu að skoða í hana og sáu þá töskuna og bakpokann, sem vitnið kvaðst að-

spurt ekki vita, hvað hefði að geyma, en það hefði verið beðið að geyma. Lögreglumennirnir sögðu vitninu, að það væri grunað um að vera með þýfi, og þetta sögðu þeir, eftir að þeir höfðu litið í töskurnar. Þetta leiddi til þess, að lögreglumennirnir tilkynntu vitninu, að það yrði að koma í húsakynni Rannsóknarlögreglu ríkisins, og ók annar lögreglumaðurinn bifreið vitnisins þangað, og þar var það yfirheyrt. Það hafði þá hvorki opnað pokann né töskuna og vissi ekkert um innihaldið. Vitnið telur sig hafa haft töskurnar frá ákærða Sigurbirni Gunnari í sínum vörslum frá kl. rúmlega 13 umræddan dag og þar til lögreglan hafði afskipti af sér. Vitnið segir, að töskurnar hafi á þessum tíma verið í aftursæti bifreiðar foreldra vitnisins við vinnustað þess og bifreiðin ólæst. Vitnið segir, að hvorki lögregla né rannsóknarlögregla hafi sýnt því, hvað töskurnar höfðu að geyma.

Með skýlausum játningum ákærðu X og Sigurbjörns Gunnars, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa staðið að skipulagningu og framkvæmd ránsins.

Ákærði Y hefur staðfastlega neitað að hafa átt hlut að skipulagningu ránsins og framkvæmd þess, þegar frá er skilinn akstur hans með hina að og frá nágrenni vettvangs. Hins vegar héldu hinir ákærðu báðir fram hjá rannsóknarlögreglu, að ákærði Y hefði tekið fullan þátt í undirbúningi ránsins, og var ákærði X áður búinn að gera grein fyrir þessu fyrir dóminum, þegar hann sætti yfirheyrslu vegna framlengingar gæsluvarðhalds. Þá staðfesti ákærði Sigurbjörn Gunnar fyrir dómi við framlengingu gæsluvarðhalds 23. apríl sl., að skýrsla sín hjá rannsóknarlögreglu frá 21. apríl sl. væri rétt, en í henni gerir ákærði grein fyrir því, að ákærði Y hafi tekið fullan þátt í undirbúningi og framkvæmd ránsins. Skýringar ákærðu X og Sigurbjörns Gunnars á afturhvarfi þeirra frá framburði sínum um aðild ákærðu Y eru afar ótrúverðugar. Framburður ákærðu X um það, hvers vegna farið var á bifreið ákærðu Y til að fremja ránið, er ekki trúverðugur, enda ók ákærði X um morguninn heiman að frá sér upp í Breiðholt að heimili ákærðu Sigurbjörns Gunnars og þaðan vestur á Meistaravelli. Þá samrýmst símhringing ákærðu Y klukkan 9.01 í síma ákærðu X því, að hann hafi verið að gera viðvart um brottför Finns Eðvarðs frá Glæsibæ, en ránið er framið rétt fyrir klukkan 9.09 og getur vel samrýmst tímanum, sem för Finns Eðvarðs tók frá Glæsibæ að Suðurlandsbraut 48. Er hafnað framburði ákærðu Y, að hann hafi verið að reka á eftir hinum ákærðu með símhringingunni, en hún fór fram, að best verður séð, mjög fáum mínútum eftir, að ákærðu X og Sigurbjörn Gunnar fóru úr bifreiðinni á leið að Suðurlandsbraut 48. Verða skýringar ákærðu X og Sigurbjörns Gunnars á breyttum framburði því ekki teknar til greina, og er sannað með framburði þeirra beggja hjá rannsóknarlögreglu, sem er einnig í samræmi við það, sem þeir báru fyrir dómi,

að ákærði Y hafi átt fullan þátt í undirbúningi ránsins og vitað, hvað hinir voru að gera, þegar þeir hurfu úr bifreiðinni. Verður litið á refsinaemi þáttar ákærða Y í ráninu með sama hætti og hinna, þótt hann hafi ekki staðið að hinni beinu framkvæmd ránsins, þar sem hlutur hans að málinu var liður í framkvæmd þess.

Samkvæmt eðli máls geta rafrænar færslur ekki verið andlag ráns. Verða ákærðu því sýknaðir af því að hafa rænt rafrænum færslum, að fjárhæð 4.138.811 krónur. Þá er gegn neitun ákærða Sigurbjörns Gunnars og með framburði vitnisins Finns Eðvarðs ósannað, að ákærði Sigurbjörn Gunnar hafi notað barefli við að berja vitnið. Að öðru leyti er háttsemi ákærðu rétt lýst í ákæru, og varðar hún við 252. gr. almennra hegningarlaga.

 Ákærði Sigurbjörn Gunnar hefur hlotið 26 dóma og var fyrst dæmdur í janúar 1982 og þá fyrir brot á 244. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Var ákvörðun refsingar ákærða frestað skilorðsbundið í tvö ár. Næst var ákærði dæmdur í nóvember 1982 og nú fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga og lögreglusamþykkt. Hlaut ákærði tíu mánaða fangelsi, þar af sjö mánuði skilorðsbundna í tvö ár. Enn var ákærði dæmdur í júlí 1983 og hlaut tólf mánaða fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna í þrjú ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Var skilorðsrefsingin samkvæmt dóminum á undan dæmd með. Ákærði var dæmdur í fjórða sinn í ágúst 1983 í tólf mánaða fangelsi, og var nú öll refsingin skilorðsbundin, en inn í hana var felldur skilorðshluti dómsins frá því næst á undan. Í fimmta sinn var ákærði dæmdur í nóvember 1983, og enn var refsingin tólf mánaða fangelsi, þar af níu mánuðir skilorðsbundnir í þrjú ár. Sakfelldur var fyrir nytjastuld og brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Eftir þetta hefur ákærði hlotið frá því í febrúar 1984 samtals 21 dóm til viðbótar, og er samanlögð óskilorðsbundin refsing samkvæmt þeim 86 mánaða fangelsi, en einu sinni var felld inn í dóm 60 daga fangelsisrefsing, sem ákærði hafði fengið reynslulausn á. Var þetta árið 1989, en áður, á árunum 1985 og 1987, var ákærði búinn að fá reynslulausnir. Með framangreindum dómum hefur ákærði verið sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 217. gr., 218. gr., 244. gr., 254. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og auk þess fyrir brot á umferðarlögum, en árið 1987 var ákærði sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi. Auk framangreindra 26 dóma hefur ákærði sex sinnum gengist með sátt undir að greiða sektir, einu sinni fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga, einu sinni fyrir ölvunarbrot og fjórum sinnum fyrir brot á lögum og reglum um ávana- og fikniefni. Síðast var ákærði sakfelldur með dómi í júlí 1995. Ákærði hlaut 31. júlí á sl. ári skilorðsbundna reynslulausn í eitt ár á 70 daga eftirstöðvum refsingar.

Við ákvörðun refsinga ákærðu X og Sigurbjörns Gunnars er til þess að líta, að þeir hafa báðir rofið skilorð reynslulausnar, og ber því samkvæmt 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/19 (sic), sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, að fella umræddar eftirstöðvar inn í þá refsingu, sem ákærðu verður nú ákvörðuð, 375 daga hjá ákærða X og 70 daga hjá ákærða Sigurbirni Gunnari. Við ákvörðun refsinga ákærðu verður höfð hliðsjón af því til þyngingar, að þeir stóðu þrír að brotinu, sem var fyrir fram skipulagt með nokkrum fyrirvara, og að þeir komust yfir mikil verðmæti og tjón af broti ákærðu verulegt, þar sem ránsfengurinn kom ekki allur til skila og ákærðu hafa ekki bætt það tjón. Þá var ofbeldi beitt við verknadinn, og meðferðis höfðu ákærðu sérútbúin barefli til notkunar, ef á þyrfti að halda, en það lýsir hörðum brotavilja. Loks nýtur ekki við greiðrar játningar ákærðu, en ákærðu X og Sigurbjörn Gunnar játuðu ekkert fyrir en eftir marga daga, og ákærði Y hefur frá upphafi haldið fram sakleysi sínu. Verður ekki séð, að nein ákvæði hegningarlaga eigi að koma til mildunar refsingum ákærðu. Við ákvörðun refsingar ákærða Sigurbjörns Gunnars verður einnig höfð hliðsjón af 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en hann er vanaafbrotamaður, eins og fram kemur af sakaverli hans.

Refsingar ákærðu verða ákveðnar eins og hér segir með hliðsjón af framangreindu:

Ákærði X og ákærði Sigurbjörn Gunnar sæti hvor um sig fangelsi í tvö ár og sex mánuði, og ákærði Y sæti fangelsi í átján mánuði.

Ákærðu X og Sigurbjörn Gunnar sátu í gæsluvarðhaldi frá 15. apríl sl., hinn fyrrnefndi frá kl. 22.30 og hinn síðarnefndi frá kl. 23.25 og báðir til 27. júní sl. kl. 16, alls í 73 daga. Þann dag synjaði fulltrúi við dóminn kröfu ákæruvaldsins um að framlengja gæsluvarðhaldið. Þeir úrskurðir voru kærðir til Hæstaréttar, og var þar kveðinn upp dómur 3. júlí sl. og ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag kl. 16. Framhald gæsluvarðhaldsins hófst þó ekki fyrir en 11. júlí sl., en þann dag kom ákærði X í Hegningarhúsið kl. 12.40 og ákærði Sigurbjörn Gunnar kl. 15.06, og hafa báðir setið í gæsluvarðhaldi síðan, 28 daga. Þeir hafa því hvor um sig setið í gæsluvarðhaldi í 101 dag. Ákærði Y sat í gæsluvarðhaldi frá 15. apríl sl. kl. 11.52 til 30. apríl sl. kl. 16, í 16 daga, en þá hóf hann aflánun 3/5 árs fangelsisdómsins. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar.

Finnur Eðvarð Egilsson hefur, eins og fram er komið, fallið frá bótakröfu sinni. Eftir stendur bótakrafa Vöruveltunnar hf., en gerð er krafa um fjármuni þá, sem ekki komust til skila, 629.740 krónur, bætur vegna óþæginda og tíma, sem fór til spillis vegna málsins, 500.000 krónur, útlagður kostnað-

ur vegna læknskostnaðar fyrir Finn Eðvarð, og lögmansþóknun, 72.000 krónur, samtals 1.201.740 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. apríl sl. til greiðsludags.

Ákærðu fólu allir verjendum sínum að taka afstöðu til bótakröfunnar. Verjandi ákærða X krefst þess, að kröfunni verði vísað frá, en til vara, að hún verði lækkuð verulega. Verjandi ákærða Sigurbjörns Gunnars krefst þess, að kröfunni verði vísað frá vegna vanreifunar, en til vara krefst verjandinn, að sýknað verði af kröfunni. Verjandi ákærða Y krefst þess, að ákærði verði sýknaður af bótakröfunni.

Þar sem ákærðu eru allir sakfelldir fyrir þá háttsemi, sem bótakrafan er sprottin af, bera þeir einnig óskipta bótaskyldu. Líðir kröfunnar um bætur vegna óþæginda og útlagðs kostnaðar eru ekki studdir neinum gögnum, og ber því að vísa þeim frá dómi. Hins vegar verða ákærðu dæmdir til þess að greiða þá fjárhæð, sem ekki komst til skila, 629.740 krónur. Krafan um lögmansþóknun er ekki studd neinum gögnum, en rétt þykir að taka til greina þann lið með 10.000 krónum fyrir gerð bótakröfunnar. Ber því að dæma ákærðu til þess að greiða Vöruveltunni hf., Suðurlandsbraut 48 í Reykjavík, óskipt í bætur 629.740 krónur ásamt umkröfðum dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar. Skal ákærði X greiða skipuðum verjanda sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómslögmanni, 350.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærði Sigurbjörn Gunnar skal greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Y skal greiða skipuðum verjanda sínum, Stefáni Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 140.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærðu X og Sigurbjörn Gunnar Utley sæti hvor um sig fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingu þeirra hvors um sig skal koma 101 dags gæsluvarðhald.

Ákærði Y sæti fangelsi í 18 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 16 daga gæsluvarðhald.

Ákærðu greiði óskipt í bætur Vöruveltunni hf., Suðurlandsbraut 48 í Reykjavík, 629.740 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. apríl 1997 til greiðsludags.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Róbert Árna Hreiðarsyni héraðsdómslögmanni, 350.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærði Sigurbjörn greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Stefáni Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 140.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.
